

Reglugerð um staðfestingu Íslandsmeta

1. gr.

Öll lands, Íslands, bikar og flokkamót, svo og opin mót sem samþykkt eru af stjórn STÍ og auglýst á mótaskrá STÍ og haldin eru hérlandis og löglega er staðið að skv. lögum STÍ og viðkomandi erlends sérsambands. Einnig þau mót sem haldin eru erlendis af skotsamböndum þeirra erlendu sérsambanda sem STÍ er aðili að, eru gild til viðurkenningar á Íslandsmetum.

2. gr.

Stjórn STÍ er skylt að skrá og veita viðurkenningar fyrir öll Íslandsmet sem slegin eru hér innanlands og erlendis af íslenskum ríkisborgurum skv. 1. gr.

3. gr.

Til að Íslandsmet teljist gilt þarf mót að uppfylla uppfylla eftirfarandi skilyrði.

- a) Keppt sé eftir reglum STÍ og gilds erlends sérsambands..
- b) Að við mótið starfi dómari viðurkenndur af STÍ og/eða gilds erlends sérsambands.

4. gr.

Sé met sett erlendis, á öðrum mótum en þeim sem STÍ sendir á, þarf félag viðkomandi keppanda að sækja sérstaklega um staðfestingu til stjórnar STÍ innan 30 daga frá því að móti lauk.

5. gr.

Sé um önnur mót að ræða en þau sem haldin eru af STÍ þarf umsókn að fylgja lýsing á mótinu þar sem fram kemur fjöldi þátttakenda, mótshaldari, hvar og hvenær mót var haldið ásamt afriti af úrslitum með undirskrift viðurkennds dómara.

6. gr.

Stjórn STÍ er heimilt að samþykkja besta árangur sem náðst hefur í hverri grein sem Íslandsmet þó svo að ákvæðum 4. greinar hafi ekki verið fullnægt. Heimild þessi gildir fram að skotíþróttahátíð 1997.